

OUTLET

MÁNUDAGUR 24. SEPTEMBER 2012

Kynningarblað

Buxur
Skór
Jakkar
Kjólar
Fylgihlutir
Sportfatnaður



Stærsta outlet landsins á Korputorgi

Korpu-Outlet er stærsti markaður landsins með gríðarlega fjölbreytt úrval fatnaðar fyrir alla fjölskylduna. Boðið er upp á vönduð merki á góðu verði.

Ragna Ragnarsdóttir, verslunarstjóri Korpu-Outlets, segir að vöru- og merkjaúrval sé sífellt að aukast í versluninni. „Við fáum vörur beint frá Bandaríkjunum og Lundúnum auk þess sem við kaupum frá birgjum hér á landi.“ Meðal þeirra vörutegunda eru Zara, All Saint's og Oasis. „Við erum með heimsþekkt gæðamerki á verði sem er að minnsta kosti 30% lægra en annars staðar,“ segir Ragna og nefnir Lee- og Wrangler-galla-fatnað, jafnt á börn sem fullorðna, og Levi's. „Það er mikið úrval af alls kyns gallabuxum á mjög góðu verði, enda kaupum við beint inn frá Bandaríkjunum,“ segir hún enn fremur. „Núna fyrir veturinn getum við til dæmis boðið upp á vandaðar vetrarúlpur fyrir fólk á öllum aldri og sportlegan fatnað frá Champion. Þá er hér óvenju mikið úrval af alls kyns myndabolum sem alltaf eru vinsælir.“

Korpu-Outlet er gríðarstór verslun. „Búðinni er skipt niður í herra-, dömu-, barna- og íþróttadeild. Þar utan erum við með stóra og góða skódeild þar sem eru meðal annars vandaðir leðurskór frá Sixmix, Piano, Imac og Zöru. Íþrótt- og útivistarfatnaðurinn hjá okkur er meðal annars frá Nike, Adidas, Didriksons, Champions, Peek, Reebok og North Face svo þetta eru allt saman fræg merki.

Við erum auk þess með sokka, vettlinga og húfur. Sökkabuxur frá Orobli og Sanpellegrino, sundföt frá Speedo, Arena og



Seafolly í Ástralíu. Þá erum við með fjölbreytt úrval af snyrtivörum,“ segir Ragna og bætir við að allar þessar vörur séu nýlegar og sumar ekkert öðruvísi en í öðrum búðum. „Við reynum að finna góða markaði víða um heim og kaupum vöruna á mjög góðu verði beint frá erlendum birgjum. Með þessu getum við boðið 30-80% lægra verð af vörunni þannig að fólk getur gert ótrúlega



Ragna Ragnarsdóttir, verslunarstjóri Korpu-Outlet, segir að verslunin eigi marga fasta viðskiptavinir sem geri góð kaup á vandaðri merkjavöru.

MYND/GVA

góð kaup hér. Hér er allt fyrir alla fjölskylduna.“

Ragna segir að auðvelt sé fyrir viðskiptavininn að ganga að þeirri vöru sem hann vantar. „Búðin er björt, vel skipulögð og snyrtileg. Öllu er raðað upp eftir deildum á smekklegan hátt. Við eigum marga fasta kúnna, enda getur fólk komið hingað í verslunarleiðangur hvort sem það er að fara út að hlaupa eða á árshátíð.“

Þegar Ragna er spurð hver sé galdurinn við það að versla í outlet-verslun segir hún það vera leitina. „Þegar fólk kemur í outlet er kústin að vera duglegur að leita því úrvalið er mikið og oft leynast þær gæmsar sem fólk er að leita eftir inni á milli. Best er að gefa sér góðan tíma en ef hann er ekki til staðar er alltaf hægt að spyrja starfsfólkið og það veitir góða þjónustu við að upplýsa viðskiptavinir. Við vitum hvar allt er

og eigum því auðvelt með að leiðbeina kúnnanum. Við erum auk þess reglulega með tilboð, útsölur, eða „tax free“-daga og veitum þá aukaafslátt. Við viljum að viðskiptavinir okkar fái sem mest fyrir sem minnst,“ segir Ragna Ragnarsdóttir verslunarstjóri.

Aðkoman að Korpu-Outlet er góð og næg bílastæði við húsið. Opið er frá klukkan 11-18 alla daga nema sunnudaga en þá er opið 12-18.



STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

Fjöldi þekktra vörumerkja:

Nike • Adidas • Didrikson • Champion • Roxy • Speedo • Seafolly • Arena
Zara • Levis • Lee • Wrangler • Boswell • Lindbergh • Shine • Sixmix • Imac
Bullboxer • Kaffe • Ueto • B young • Oasis • All saints • Fransa • ... og fl.

HVAR ANNARS STAÐAR FÆRÐU ALLT AÐ
80% AFSLÁTT FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!



KORPU OUTLET

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.



Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400





Vinsælt outlet í Ameríku

Eitt stærsta og virtasta outlet í Bandaríkjunum heitir Marshalls en verslanirnar eru í öllum helstu borgum landsins og í Kanada frá því á síðasta ári. Marshalls selur merkjavörur frá frægum hönnuðum á borð við Ralph Lauren, Tommy Hilfiger, Donna Karan, Guess, Kenneth Cole, Marc by Marc Jacobs, Nike, Adidas, Calvin Klein, Anne Klein og Jones of New York ásamt mörgum öðrum heimsfrægum vörumerkjum.

Það er stórfyrirtækið TJX Companies sem er eigandi Marshalls og eru verslanirnar orðnar 750 talsins. Fyrirtækið var stofnað í Boston árið 1956 en það kaupir fatnað beint frá hönnuðum þegar ný árstíðarbundin lína er að koma á markaðinn. Núna eru því sumarfötin að koma inn í Marshalls þegar vetrarfötin koma í aðrar verslanir. Nýjar vörur koma inn í hverri viku og 700 innkaupastjórar verslananna ferðast um allan heim til að ná sem hagstæðustum kjörum, þar á meðal til Ítalíu þar sem eru margir þekktir hönnuðir.

Verð á merkjavöru í Marshalls getur verið 50-90% lægra en í verslunum. Margir viðskiptavinir koma reglulega í búðirnar, fylgjast vel með nýjum sendingum og gera góð kaup. Fyrir utan fatnað á börn og fullorðna selur verslunin skó, fylgihluti, snyrtivörur, rúmfatnað og annað smádót til heimilisins ásamt leikföngum.

Nýtt outlet fyrir alla

Viðskiptavinir nýs outlets á Laugavegi geta dottið í lukkupottinn þar sem glænýjar vörur eru þar stundum á tilboði. Vörurnar eru meðal annars frá Vero Moda, Jack&Jones og Name It.

Í vor opnaði outlet fyrir Vero Moda, Jack&Jones, Name It, Outfitters Nation og Vila á besta stað í bænum, að Laugavegi 66, í gamla Karnabæjarhúsinu. „Á Laugaveginum bjóðum við upp á mikið úrval af fatnaði á hreint ótrúlega góðu verði, allt frá barna- og unglingafatnaði upp í herra- og dömufatnað. Einnig erum við núna með Mamalicious-meðgönguvörur sem margar konur þekkja. Þessar vörur hafa ef til vill ekki verið mjög áberandi í búðunum þar sem þær fást, Name It og Vila, en hjá okkur fá þær gott pláss,“ segir Hafsteinn Ezekíel Hafsteinsson rekstrarstjóri.

Vero Moda og Vila bjóða upp á gott úrval dömufatnaðar, Jack&Jones er með fót á strákana og Name It er fyrir börnin, en þar er boðið upp á fatnað fyrir nýfædd börn upp í tólf ára aldur. „Outfitters Nation býður svo upp á flottan fatnað á þann aldur sem á kannski svolítið erfitt með að finna sinn stað í verslunum. Þessir krakkar passa ekki í barnafatnað en eru ekki orðnir nógu stórir í fullorðinsfatnað heldur. Við erum að tala um aldurinn um tíu til sextán ára þannig að það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi hjá okkur.“

„Eins og margir vita þá bjóðum við mjög hagstæð verð í þessum verslunum, en í outlettinu erum við með allt að fimmtíu til sjötíu prósentu afslátt. Það er því svo



Hafsteinn rekstrarstjóri segir það þess virði fyrir fólk að gera sér leið á Laugavegin og kíkja í nýtt outlet. Þar geti það gert góð kaup. MYND/ANTON

sannarlega þess virði að gera sér leið til okkar í outlettið og gera góð kaup,“ segir Hafsteinn. Hann bætir við að þau fái reglulega nýjar vörur og því sé um að gera að kíkja við í versluninni til að finna sér eitthvað spennandi. „Við erum einnig alltaf vakandi ef höfuðstöðvarnar úti bjóða góð tilboð á glænýjum vörum og þá erum við snögg til og fáum þær vörur fyrir outlettið okkar.“

Opnunar-
tími er alla
virka daga
11-18 og
laugar-
daga 11-
16.



Hnoðnaglar á hampbuxum

Töfrar outlet-markaða felast ekki síst í háklassatískumerkjum sem fara á stórlækkað verð þegar árstíð einnar vörulínu hörfar fyrir annarri og nýrri. Á meðal þeirra er ameríski gallabuxnarisinn Levi's sem má finna á velflestum outlet-mörkuðum veraldar.

Saga Levi's-gallabuxnanna er merkileg og tilviljunum háð.

Hún hófst á uppgötvun klæðskerans Jacobs Davis sem var lettneskur innflytjandi í San Francisco. Jacob brá sér reglulega í heildsölu Levi Strauss & Co til að kaupa stranga af efni sem búið var að vinna úr hampi. Eftir að tryggur viðskiptavinur Jacobs kom ítrekað til að kaupa sér efnið til að bæta slitnar buxur datt Jacob í hug að nota hnoðnagla úr kopar til að styrkja álagsfleti buxna og kom þeim fyrir á vasahornum og neðan við buxnaklaufina.

Jacob átti ekki nægt fé í buddunni fyrir einkaleyfi á uppfinningu sinni svo hann skrifaði Levi Strauss bréf og óskaði þess að hefja samstarf við hann. Levi tók vel í tilboð Jacobs og í maí 1873 fengu þeir einkaleyfi á uppfinningunni vestra. Einkaleyfið var síðar samofið gallabuxnahönnun fyrirtækisins og auglýsingaherferðum sem gefa í skyn að Levi Strauss hafi selt fyrstu gallabuxurnar til námumanna í gullæðinu sem náði hámarki í Kaliforníu 1849.

Framleiðsla á Levi's 501-gallabuxum hófst á tíunda áratug 18. aldar. Sú hönnun átti síðar eftir að verða mest seldu buxur í heimi.

Levi's-gallabuxur í líkingu við þær sem nútímafólk klæðist komu á markað á þriðja áratug síðustu aldar og var þá aðallega beint að kúrekum, skógarhöggsmönnum og verkamönnum við járnbrautir í vesturríkjum Bandaríkjanna. Vinsældir þeirra jukust áratug síðar þegar bændur af austurströndinni komu úr fríi með sögur og sýnishorn af endingargóðum buxum með hnoðnögglum. Aftur



tóku vinsældir Levi's kipp í seinni heimsstyrjöldinni þegar bláar gallabuxur voru á lista yfir ómissandi söluvarning fyrir fólk í hernaði.

Á sjötta áratugnum náði útbreiðsla Levi's-gallabuxna heimsyfirráðum þegar enginn var maður með mönnum nema klæðast Levi's

meðal ungra rokkara, hippa og snoðinkolla.

Seinna var hnoðnaglinn neðan við buxnaklaufina talinn of klúr til að klæðast og glitraði ekki meir á þeim karlmannlega stað.





Outlet fyrir starfsmenn

Eins og svo margt tengt verslunum og verslunarmenningu eiga outlet-búðir rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna. Í upphafi fjórða áratugar nítjándu aldar buðu eigendur framleiðslufyrirtækja starfsmönnum sínum oft að kaupa gallaðar vörur eða umframframleiðslu á niðursettu verði. Fljótlega urðu til verslanir þar sem almenningi gafst kostur á hinu sama. Verslunin var oftast í sama húsnæði og framleiðsla vörunnar fór fram í.

Árið 1936 opnaði fyrirtækið Anderson-Little fyrstu outlet-verslunina sem var ekki í sama húsi og verksmiðjan, heldur sjálfstæð eining. Allt til 1970 var megintilgangur outlet-verslana að selja eigin vörur sem samanstóðu af gölluðum varningi og umframframleiðslu. Árið 1974 opnaði Vanity Fair fyrstu outlet-verslunina í Pennsylvaníu sem bauð upp á vörur frá mörgum fyrirtækjum. Frá 1980 og til 2000 varð svo gríðarleg aukning í fjölda slíkra verslana og stærð. Flestar outlet-verslanir í Bandaríkjunum eru á bilinu 10 til 20 þúsund fermetrar, en þær stærstu allt að 60 þúsund. Árið 2003 var meðalstærð outlet-verslana um 20 þúsund fermetrar sem er jafnstórt verslunarrými Kringlunnar. Samkvæmt rannsóknum er stærsti hluti þeirra sem versla í outlet-verslunum konur og 62 prósent allra sem þar versla eru undir fimmtugu.

Heimild: www.wikipedia.org

Merkjavörur fyrir minna

Í **Outlet10** fást merkjavörur með allt að 80 prósent afslætti. Þar er að finna vörur úr verslunum NTC ásamt nýjum vörum frá London.

Í Outlet 10 að Faxafeni 10 fæst nýleg merkjavara á góðu verði. Kjörorð verslunarinnar er „merkjavörur fyrir minna“ og á það vel við. „Við erum með vörur frá Galleri Sautján, GS skóm, Fókus, Smash, Deres, Kultur og Companys en þær tilheyra allar verslunarkerðjunni NTC. Einnig kaupum við inn nýjar vörur frá London og reynum að hlusta eftir því sem viðskiptavinir vantar í þeim efnum,“ segir Gunnar Þjóðólffsson sem annast verslunarstjórn ásamt Guðbjörgu Lilju Gunnarsdóttur.

Verslanirnar sem vörurnar koma frá eru fjölbreyttar og vörurvalið því breitt og höfðar til fólks á öllum aldri. Gunnar segir alltaf koma inn vörur eftir stórar útsölur og að þær séu sjaldan eldri en sex mánaða gamlar. „Tískan er ekki það fljót að breytast svo þetta eru allt góðar og gildar vörur. Þá reynum við að bjóða bæði upp á



„Markmiðið er að fólk geti gert kjarakaup og fengið vandaðar flíkur ódýrt.“

MYND/ANTON

hversdagsfatnað eins og gallabuxur og peysur og finni fatnað eins og kjóla og jakkaföt.“

Verulega er slegið af upprunalegu verði en afslátturinn er allt að 80 prósent, að sögn Gunnars. „Markmiðið er að fólk geti gert kjarakaup og fengið vandaðar flíkur ódýrt. Sem dæmi má nefna að Dieselgallabuxurnar kosta á bilinu 995 til 5995. Þá er hægt að gera magnkaup með góðri samvisku.“

Skór á alla fjölskylduna

Outlet skór Fiskislóð 75 er ein elsta outlet-verslun landsins og þar er ekkert vandamál að finna bílastæði. Úrval er af gæðaskóm fyrir alla á góðu verði.

Árni Rudolf hefur rekið verslunina Outlet skór frá 2001 og því vanur maður þegar kemur að skóm. „Við erum með yfir 400 vörutitla hérna í búðinni. Þannig að úr nógu er að velja, hvort sem er á konur, karla eða börn.“

Verðin eru lág eins og gengur og gerist í outlet-verslunum og umhverfið vinalagt. „Búðin er lítil og ekki í dýru verslunarhúsnæði sem gerir það að verkum að við getum boðið lægra verð en gengur og gerist. Vörurnar eru heldur ekki af verri endanum en við erum með fjölda vörumerkja, þar á meðal gæðaskó frá Skechers sem hafa verið gríðarvinsælir undanfarnin ár.“

Á þeim rúmu tíu árum sem Outlet skór hefur verið starfandi hafa ýmsir lagt það í vana sinn að versla þar. „Fjöldi fastakúinna kemur til okkar, þar af töluvert af fólki utan af landi. Eins er mikið af karlmönnum sem koma hingað. Þeir sækjast þá



Árni Rudolf er með yfir 400 vörutitla á konur, karla og börn. Það er því úr nógu að velja.

MYND/ANTON

eftir því að geta mátað þá skó sem þeir sjá í búðinni í ró og næði. Hér er líka alltaf nóg af stæðum og fljótlegt að hoppa inn og máta skó.“

Verslunin Outlet skór er opin alla virka daga frá 13-18 og á laugardögum frá 12-16. Hægt er að finna hana á Facebook undir nafninu Skóbúðin outlet.



Hettupeysa - 4.995 krónur.

Peysa - 3.995 krónur.

Humör-jakki - 11.995 krónur.
Bolur - 3.995 krónur.
Buxur - 8.995 krónur.
Skór - 7.995 krónur.

Mao-úlpa - 9.995 krónur.
Hettupeysa - 5.995 krónur.
Carhartt-buxur - 5.995 krónur.
Skór - 7.995 krónur.

Dömuúlpa - 4.995 krónur.
Buxur - 2.995 krónur.

Hettupeysa - 4.995 krónur.
Diesel-gallabuxur - 5.995 krónur.



OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

FAXAFENI 10 - s. 578 7977

OPIÐ: Mánudaga - föstudaga: 11 - 18, laugardaga: 11 - 18, sunnudaga: 12 - 17 - erum á [facebook](https://www.facebook.com/outlet10)



HINN EINI RÉTTI

Rétti brúðarkjöllinn er vandfundinn og leggjast flestar konur í mikla leit áður en fjárfest er í hinum eina rétta.

Í mörgum kvikmyndum og þáttum sem fjalla að einhverju leyti um brúðkaup má sjá tugi kvenna samankomna fyrir framan brúðarkjólauðsölur og þegar dyr verslunarinnar ljúkast upp troðast þær inn og hlaupa hver um aðra þvera og rífast um djásnin.

Þetta er eflaust ekki svo fjarri því sem gerist í raunveruleikanum ef tekið er mið af leitarvélinni Google. Ef slegin eru inn orðin wedding dress (brúðarkjöll) og outlet skilar leitin um 432 milljón niðurstöðum sem gefur ef til vill einhverja mynd af því hversu hugleikið viðfangsefnið er mörgum konum. Flestar niðurstöðurnar eru síður verslana sem bjóða brúðarkjola frá þekktum hönnuðum á ódýrara verði en gengur og gerist. Kjólarnir eru þá oft frá síðasta tímabili og hafa ekki selst á fullu verði. Þessi outlet hafa því gert margri brúðinni kleift að eignast draumkjöllinn.



BÁÐIR AÐILAR HAGNAST

Fólki finnst misgaman að versla. Sumir myndu gera það á hverjum degi ef þeir gætu en aðrir gera það ekki nema af brýnustu nauðsyn. Eigendur og starfsfólk verslana gera ýmislegt til að láta viðskiptavinum sínum líða vel hjá sér og leggja sig fram um að láta þá vilja koma aftur. Sálfræðingar, markaðsfræðingar og fleiri hafa gert fjölda rannsóknna á þessu sviði og hegðun kaupenda hefur margsinnis verið kortlögð.

Fyrstu hughrif hafa alltaf mikið að segja. Þegar mögulegir viðskiptavinir stíga fæti inn í búð eru þeir strax komnir með ákveðna hugmynd um hvað þeim finnst um hana. Það skiptir miklu máli að þeim finnist þeir velkomnir og þeim sé heilsað kurteislega og boðin aðstoð. Best er að báðir aðilar, seljendur og kaupendur, hagnist á viðskiptunum og eru margar leiðir færar til að það verði.

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti


Stenströms

LLOYD

BELLINI
collezione

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

ath.
opið
sunnudag



Herra
Lagerinn
outlet

Troðfull
verslun af
merkjavöru!

50-70%

afsláttur
af öllum vörum!

Úrval af
barnafatnaði frá

ENGLABÖRNIÐ

Falleg fót á stelpur og stráka...



á 50-60% afslætti

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

SPORT

UMRÆÐAN

ÚTVARP

LÍFIÐ

SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir
- oft á dag